

# Kvöldgöngur í hverfunum



*sumarið 2010*



Borgarbókasafn Reykjavíkur,  
Listasafn Reykjavíkur,  
Ljósmyndasafn Reykjavíkur  
og Minjasafn Reykjavíkur  
bjóða upp á kvöldgöngur með leiðsögn  
á fimmtudagskvöldum í sumar.  
Lagt er af stað í göngurnar kl. 20.

**Allir velkomnir og þátttaka ókeypis!**

### 3. júní **Minjasafn Reykjavíkur – Miðbæjarkirkjurnar**

Helga Maureen Gylfadóttir sagnfræðingur leiðir göngu um hinar sögulegu kirkjur í og við Kvosina. Lagt er upp frá Grófarhúsi.



### 10. júní **Borgarbókasafn Reykjavíkur – Mararþaraborg**

Hafnarganga frá miðbakka. Lagt er upp frá Grófarhúsi og gengið í átt að Granda og lesinn skáldskapur um hafið, höfnina og skipin – og jafnvel sjómennina. Leiðsögukona er Úlfhildur Dagsdóttir.

### 24. júní **Ljósmyndasafn Reykjavíkur Smáibúðahverfið – sjálfsbjargarstefna í húsnæðismálum**

Sara Valdimarsdóttir kennari rekur sögu og þróun hverfisins. Gangan hefst við hús nr. 69 við Sogaveg (miðja veginu á milli Grensásvegur og Réttarholtsvegur).



### 1. júlí **Listasafn Reykjavíkur – Útlistaverk borgarinnar**

Sigurlaug Ragnarsdóttir listfræðingur og menningarmiðlari leiðir göngu þar sem útlistverk borgarinnar verða skoðuð út frá hugmyndafræðilegum grundvelli og þannig dregnar fram nýjar áherslur. Upphaf göngunnar verður *Miðja Reykjavíkur* við vesturgafli Fálkahússins.

### 8. júlí **Reykjavík Safarí – Í boði allra safnanna**

Menningarlífið í miðborginni kynnt fyrir fólki sem hefur flust til Íslands eða sækir landið heim. Hvar eru leikhúsin, frægar stytur og skemmtilegir staðir? Hvað er ókeypis? Hvað gerist um helgar? Hvað er fyrir börn, fjölskyldur og fullorðna? Á spænsku, pólsku, ensku og tælsensku. Lagt er upp frá Grófarhúsi.



### 15. júlí **Minjasafn Reykjavíkur – Hernám Reykjavíkur**

Guðbrandur Benediktsson sagnfræðingur fer á slóðir breskra hernámsmanna og segir frá atburðum sem áttu sér stað á fyrstu vikum hernáms Reykjavíkur. Lagt er upp frá Grófarhúsi.

### 22. júlí **Ljósmyndasafn Reykjavíkur Gengið um gamla Laugarneshverfið**

Gengið verður eftir gamla Laugarnesveginum og Sundlaugarvegi með Þorgrími Gestssyni, blaðamanni og höfundu bókarinnar *Mannlíf við Sund*, sem rifjar upp sögu hverfisins. Lagt verður af stað frá bæjarhólnum í Laugarnesi sem er milli Sæbrautar og Listasafns Sigurjóns Ólafssonar á Laugarnestanga.



### 29. júlí **Borgarbókasafn Reykjavíkur – Hús skáldanna**

Í göngunni verður Vogahverfið kynnt sem heimaslóðir skálda, en fjölmörg þeirra hafa búið og búa enn í hverfinu. Leiðsögumaður er Arngrímur Vídalín. Lagt upp frá Sólheimasafni.

### 5. ágúst **Listasafn Reykjavíkur – Götulist**

Myndlistamaðurinn Sara Riel leiðir göngu þar sem borgarmyndin verður skoðuð út frá hugmyndum um Urban art eða götulist. Upphafsstaður göngunnar verður Hjartatorg milli Hverfisgötu, Klapparstígs og Laugavegar.

### 12. ágúst **Sunnudagskvöld til mánudagsmorguns: Pöbbaganga í miðbænum**

Næturlífið hefur löngum verið helsta stundargaman Reykvíkinga, enda blómstra veitingastaðir í borginni sem aldrei fyrr. Sumir þeirra eiga sér langa og skrautlega sögu, aðrir hafa orðið að miðstöð menningarvita. Lagt er upp frá Grófarhúsi.

*fimmtudags-  
kvöld kl. 20*